

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 29. júní 2022

Mál nr. E-2220/2021:

Áslaug Björnsdóttir
(Jón Þór Ólason lögmaður)
gegn
Sólveigu Guðrínu Pétursdóttur
og
dánarbúi Kristins Björnssonar
(Gísli Guðni Hall lögmaður)

Dómur

Mál þetta var höfðað 27. október 2021 og dómtekið 8. júní 2022.

Stefnandi er Áslaug Björnsdóttir, kt. [...], [...], 210 Garðabæ.

Stefnda er Sólveig Guðrún Pétursdóttir, kt. [...], [...], 200 Kópavogi, persónulega og fyrir hönd dánarbús Kristins Björnssonar, kt. [...].

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda eftirfarandi dómkröfur:

A. 12.998.059 kr. með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 3. nóvember 2017 til 3. desember 2021 og með dráttarvöxtum skv. 9. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi 2021 til greiðsludags.

B. 15.000.000 kr. með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 3. nóvember 2017 til 3. desember 2021 og með dráttarvöxtum skv. 9. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er þess krafist að stefndu verði gert að greiða málskostnað í samræmi við hagsmuni málsins, vinnu málflytjanda og annan kostnað af málinu auk lögmæltis virðisaukaskatts, að skaðlausu að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þær að hún verði sýknuð af kröfum stefnanda.

Stefnda krefst þess einnig að stefnandi verði dæmd til að greiða henni málskostnað með sérstöku álagi samkvæmt 130. gr. og 2. mgr., sbr. a- og c-liði 1. mgr., 131. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, að skaðlausu að mati dómsins.

Málavextir og sönnunarfærsla:

Stefnandi var eigandi 25% hlutfjár í félaginu Björn Hallgrímsson ehf., en auk hennar áttu þrjú systkini hennar hvert sinn 25% hlutinn í félaginu, sem þau höfðu erft eftir föður sinn. Eitt systkina stefnanda, Kristinn heitinn Björnsson, lést [...], og situr ekkja hans, stefnda Sólveig Guðrún Pétursdóttir, í óskiptu búi eftir hann.

Samkvæmt samþykktum Björns Hallgrímssonar ehf. þurfti meirihluta stjórnar til þess að binda félagið, og sátu systkinin fjögur öll í stjórn þess. Ekki var ráðinn framkvæmdastjóri en fyrir liggur að Kristinn Björnsson hafi mest komið að málefnum félagsins, samkvæmt ákvörðun systkinanna. Engir starfsmenn voru í félaginu, enda snérist starfsemi þess eingöngu um eignarhald í ýmsum félögum, eins og Skeljungu, Árvakri, Nóa-Síríusi og Sjóvá. Stærsta einstaka eignin var þó hlutur í Straumi-Burðarási ehf., sem skráður var á félög sem heyrðu undir Björn Hallgrímsson ehf., en félagið var eigandi dótturfélaganna SK ehf. og SKE ehf., og dótturdótturfélaganna SK II ehf. og SKE II ehf. Munu þau félög sem heyrðu undir móðurfélagið hafa verið nýtt í þeim tilgangi að halda utan um áhættufjárfestingar. Systkinin sátu með sama hætti öll í stjórnnum þeirra félaga sem heyrðu undir móðurfélagið.

Af því sem fram kom í skýrslutökum fyrir dómi, meðal annars skýrslu stefnanda, þá hafi Kristni verið treyst fullkomlega af öllum hlutaðeigendum til þess að leiða félögin. Ekki hafi verið haldnir formlegir fundir eða fundargerðir, en málin verið rædd og gerð upp með samskiptum milli aðila, svo sem í fjölskylduboðum. Ef á hafi þurft að halda hafi undirritanir farið fram með þeim hætti að Kristinn hafi mætt heim til viðkomandi með þau skjöl sem stjórnin þurfti formlega að samþykkja. Hafi þetta viðgengist með þessum hætti allan þann tíma sem systkinin voru eigendur félaganna, án athugasemda að því er séð verður. Þá virðist, af því sem fram kom í skýrslu endurskoðanda félaganna fyrir dómi, að oftast en ekki hafi verið um síðbúna skjalagerð að ræða.

I

Vorið 2006 var allur hlutur dótturdótturfélaganna í Straumi-Burðarási ehf. seldur, og var kaupverðið greitt með hlutfé í FL Group hf. og Kaupþingi banka hf. Í október 2006 varð Björn Hallgrímsson ehf. síðan stór hluthafi í Gnúpi fjárfestingarfélagi hf., áður Þúfubjarg hf., í gegnum fyrrgreind dótturdótturfélög, með því að leggja Gnúpi til það hlutfé sem greitt hafði verið við sölu í Straumi-Burðarási ehf. Var Kristinn Björnsson tilnefndur sem stjórnarmaður hluthafahóps Björns Hallgrímssonar ehf. samstæðunnar í Gnúpi fjárfestingarfélagi hf.

Samkvæmt gögnum málsins var haldinn hluthafafundur í Birni Hallgrímssyni ehf. þann 7. febrúar 2007, þar sem hluthafar ákváðu að greiða sér út arð að fjárhæð 800.000.000 króna. Þá mun í hlut dótturfélaga Björns Hallgrímssonar ehf. hafa komið samtals 1.420.992.702 krónur frá Gnúpi fjárfestingarfélagi hf. í júlí 2007, sem síðan hafi verið ráðstafað með tilteknum hætti til hluthafa í Birni Hallgrímssyni ehf.

Ljóst er að halla tók undan fæti í rekstri Gnúps fjárfestingarfélags hf. um haustið 2007. Í tölvupósti Kristins Björnssonar frá 9. janúar 2008, sem sendur var til systra hans og eiginmanns stefnanda, fylgdi umboð „vegna þeirra aðgerða, sem Gnúpur er að ganga í gegnum og skrifaði ég undir fyrir okkar hönd, skv. umboði, kl. 4 í nótt. ... Öll gögn sem skrifað var undir í gær, liggja hjá Þórði Má og Aðalsteini í dag, sími ...“. Verður af því og öðrum gögnum málsins ráðið að Kristinn hafi skrifað undir fjölda skjala þessu samfara 8. janúar 2008.

Stefnandi og systur hennar rituðu undir fyrrgreint umboð, sem sent var 9. janúar 2008, þar sem þær veittu Kristni umboð til þess að hafa undirritað samkomulag deginum áður, persónulega og fyrir hönd SKE-11 ehf. og SK-II ehf., vegna eignarhluta þeirra í Birni Hallgrímssyni ehf. Þá segir í umboðinu að allt sem Kristinn gerði í nafni þeirra félaga skyldi bindandi með sama hætti og ef hluthafar hefðu allir undirritað samkomulagið.

Með handveðsyfirlýsingu, sem dagsett er sama dag og samkomulagið, 8. janúar 2008, veittu hluthafar í Birni Hallgrímssyni ehf. Glitni banka hf. allsherjarveð í allri hlutafjäreign þeirra í Birni Hallgrímssyni ehf. Skjalið er undirritað af Kristni Björnssyni auk þess sem þar koma fram upphafsstafir annarra hluthafa í félaginu.

Í samkomulaginu frá 8. janúar 2008, sem er á milli hinna ýmsu bankastofnana, einstaklinga og félaga, þar á meðal fyrrgreindra dótturdótturfélaga sem heyrðu undir Björn Hallgrímsson ehf., Kristins Björnssonar persónulega og Gnúps fjárfestingarfélags hf., kemur meðal annars fram að Glitnir banki hf. muni ekki beita sér fyrir neinum ráðstöfunum sem leiða til þess að bú Gnúps verði tekið til gjaldþrotaskipta, enda komi engar óvæntar kröfur fram, sem ekki verði greiddar af hluthöfum Gnúps samkvæmt 6. gr. samkomulagsins. Í 6. gr. kemur fram að Kristinn Björnsson og þrír aðrir nafngreindir einstaklingar ábyrgist gagnvart Gnúpi og Glitni banka hf., hlutfallslega miðað við hlutafjäreign sína í Gnúpi, greiðslu á ógreiddum skuldbindingum Gnúps, hverju nafni sem nefnast, sem stafa af reglulegum rekstri félagsins. Mun sá kostnaður að stórum hluta vera vegna húsaleigusamnings Gnúps, þ.m.t. ábyrgð á leigugreiðslum í uppsagnarfresti.

Samhliða framangreindu samkomulagi 8. janúar 2008 var útbúin yfirlýsing, dagsett sama dag, undirrituð af Kristni Björnssyni persónulega og fyrir hönd dótturdótturfélaganna. Í 1. gr. þeirrar yfirlýsingar, sem ber yfirskriftina: „Takmörkun ábyrgðar samkvæmt 6. gr. samkomulags dagsettu 8. janúar 2008“, kemur fram að Kristinn Björnsson og þrír aðrir einstaklingar takist persónulega á hendur ábyrgð þá sem getur um í samkomulaginu en Glitnir lýsi því yfir að ábyrgð þeirra á húsaleigusamningi geti að hámarki numið 50.000.000 króna. Þá segir í 2. gr. að Glitnir skuldbindi sig til að deila með hluthöfum 10% af hagnaði þeim sem kann að myndast í rekstri félagsins, samkvæmt nánar tilgreindum forsendum.

Fyrri skaðabótakrafa stefnanda í A-lið dómkrafna, að fjárhæð 12.998.059 krónur, snýr að þeim kostnaði sem hún greiddi sem hluthafi í Birni Hallgrímssyni ehf., vegna rekstrarkostnaðar Gnúps fjárfestingarfélags hf., fram til 8. janúar 2008. Í málinu liggur fyrir að eiginmaður stefnanda hafi yfirfarið og haldið utan um þann kostnað sem greiddur var samkvæmt fyrrgreindu samkomulagi við Glitni, og að hann hafi upplýst um hvað hver hluthafi ætti að greiða.

II

Með yfirlýsingu, sem undirrituð var 9. janúar 2008 af öllum stjórnarmönnum Björns Hallgrímssonar ehf., nefnt „kyrrstöðusamningur“ af aðilum málsins, skuldbatt félagið sig gagnvart Glitni til þess að stofna ekki til frekari fjárfestinga með lántökum af neinu tagi, þar sem fjárskuldbindingar félagsins væru umtalsvert umfram þær tryggingar sem bankinn hefði. Á móti myndi bankinn ekkert aðhafast næstu sex mánuði gagnvart félaginu eða eigendum þeirra, en þó væri það skilyrði sett að gengið yrði frá veð- og sölukvöðum á öllum eigum Björns Hallgrímssonar ehf. og tengdra aðila og ekki væru þegar veðsettar bankanum, þar á meðal hlutafé í Árvakri hf. og Nóa-Síríusi hf.

Í febrúar 2008 var nafni Björns Hallgrímssonar ehf. breytt í Lyfjablóm ehf., enda vildu systkinin ekki að félag sem bar nafn föður þeirra yrði mögulega tekið til gjaldþrotaskipta.

Með samningi, dagsettum 13. ágúst 2008, undirritaður af öllum eigendum Lyfjablóms ehf., áður Björns Hallgrímssonar ehf., var öll hlutafjáreign félagsins, þar á meðal í dóttur- og dótturdótturfélögum, seld og afsöluð til Glitnis banka hf. á fjórar krónur. Í samningnum kemur fram að seljendur ábyrgist að ekki hvíli á félaginu aðrar skuldir en við Glitni banka hf., og því sé lýst yfir að seljendur hafi sjálf greitt skuld félagsins við félag að nafni Erna hf., og geri ekki kröfu á hendur félaginu vegna þess. Þá

kemur fram að Glitnir banki hf. lýsi því yfir að kaupandi muni ekki hafa uppi neinar kröfur á hendur seljendum út af atvikum sem gerst hafi í rekstri Lyfjablóms ehf. eða félögum innan samstæðunnar fyrir undirritun samnings þessa, og telji að félög innan samstæðunnar eigi engar kröfur á hendur hluthöfunum. Sé yfirlýsingin bindandi fyrir þann eða þá sem síðar kunna að eignast hlutafé í Lyfjablómi ehf. eða félögum innan þeirrar samstæðu. Ágreiningur er með aðilum um hvert tilefni þessarar ábyrgðaryfirlýsingar hafi verið, en stefnandi byggir á því að það tengist skuldbindingum Kristins Björnssonar og félaga í hans eigu, en af hálfu stefndu er vísað til þess að um sé að ræða framangreindar arðsúthlutanir til hluthafa Björns Hallgrímssonar ehf. á árinu 2007.

Í fyrrgreindum samningi við Glitni banka hf. frá 13. ágúst 2008 var getið um skuld Lyfjablóms ehf. við félagið Ernu ehf. Er þar verið að vísa til þess að með kaupsamningi 14. maí 2007 keypti Björn Hallgrímsson ehf. rúmlega 28 milljónir hluta í Árvakri hf., eða tæplega 8,37% af heildarhlutafé Árvakurs hf., af Ernu ehf. Í 7. gr. samningsins segir að Kristinn Björnsson undirriti samninginn með fyrirvara um samþykki stjórnar. Ef ekki fáist samþykki skuldbindi hann sig til þess að ganga inn í kaupin fyrir hönd óstofnaðs einkahlutafélags í hans eigu og tveggja systra hans, annarra en stefnanda.

Kaupverð hlutarins í Árvakri hf. var 540.057.330 krónur, og skyldu eftirstöðvar að fjárhæð 517.471.536 krónur greiddar með peningum í tveimur greiðslum, hvor að fjárhæð 258.735.768 krónur, sú fyrri 1. júlí 2007. Þann 2. júlí 2007 skrifa allir hluthafar Björns Hallgrímssonar ehf. undir yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð vegna peningamarkaðsláns við Glitni banka hf. að fjárhæð 258.735.768 krónur, ádregið 2. júlí 2007. Af hálfu stefnanda er á því byggt að hún hafi ekki ritað undir skjalið, og sé undirritun hennar því fölsuð. Viðauki var gerður við kaupsamninginn þann 11. desember 2007 vegna eftirstöðva kaupverðs að fjárhæð 258.735.768 krónur, þá hefði seljandi handveð í hinu selda en kaupandi færi eftir sem áður með réttindi og skyldur hluthafa í Árvakri hf. Undir viðaukann rita Kristinn Björnsson auk eins annars hluthafa.

Samhliða samningnum frá 13. ágúst 2008 var undirritað samkomulag af hálfu Ernu ehf. og allra hluthafa í Lyfjablómi ehf., til fullnaðaruppgjörs eftirstöðva að fjárhæð 258.735.768 krónur vegna kaupanna í Árvakri hf. Fram kemur að aðilar séu sammála um að ljúka uppgjörinu með því að hluthafar í Lyfjablómi ehf. greiði Ernu ehf. 60.000.000 króna með því að framselt verði til Ernu ehf. hlutafé í Hval hf. og Nóa-Síríusi hf. Með

undirritun á „Framsál hlutafjár“, dagsett 13. ágúst 2008, framseldi stefnandi sinn hluta í framangreindum félögum, þ.e ¼ eða jafngildi 15.000.000 króna. Snýr seinni skaðabótakrafa stefnanda að þeirri greiðslu.

Aðilaskýrslu gaf stefnandi. Vitnaskýrslur gáfu: Gunnar Magnús Scheving Thorsteinsson, eiginmaður stefnanda, Björn Thorsteinsson, sonur stefnanda og núverandi eigandi Lyfjablóms ehf. eftir kaup hans á félaginu af Glitni HoldCo ehf. í ágúst 2016, Ragnar H. Hall lögmaður, Stefán Bergsson endurskoðandi, Gunnar Jónsson lögmaður, Birkir Kristinsson og Baldur Oddur Baldursson, fyrrverandi starfsmenn Glitnis banka hf., Þórður Már Jóhannesson, fyrrverandi forstjóri Gnúps fjárfestingarfélags hf., Hörður Felix Harðarson lögmaður og Einar Páll Tamimi lögmaður, sem báðir störfuðu hjá Glitni banka hf. á þeim tíma sem atvik gerðust.

Málsástæður og lagarök stefnanda:

Stefnandi bendir á að Kristinn Björnsson hafi í raun verið sá eini af systkinum sínum sem einhverja reynslu hafði af hlutabréfaviðskiptum og verið umfangsmikill fagfjárfestir, m.a. í gegnum fjárfestingarfélag sitt, [...] ehf. Gögn, sem stefnandi hafi nýlega fengið í hendur, sýni fram á að Kristinn hafi um árabíl einhliða tekið margvíslegar ákvarðanir er vörðuðu gríðarlega fjárhagslega hagsmuni í samstæðu Björns Hallgrímssonar ehf., sem og undirritað fjölda skjala einn síns liðs og fengið systur sínar til að undirrita á síðari stigum, án þess þó að skýra í hverju hinar raunverulegu fjárhagslegu skuldbindingar fælust. Þannig hafi Kristinn í veigamiklum málum vísvitandi sleppt því að leita eftir undirritun stefnanda. Hinar systur Kristins hafi hins vegar treyst ákvörðunum Kristins í einu og öllu. Engir formlegir stjórnarfundir hafi verið haldnir í fjölskyldufélögum eftir andlát föður stefnanda, og þau skjöl sem þurfti að undirrita hafi í flestum tilvikum verið undirrituð þannig að Kristinn hafi sjálfur komið á heimili stefnanda á vinnutíma og lýst því að undirrita þyrfti einstök skjöl. Stefnandi hafi ekki fengið afrit af þeim skjölum.

Stefnandi bendir á að það hafi verið skýr vilji stefnanda að áhættusæknari fjárfestingar ættu ekki að eiga sér stað í rekstri í fjölskyldufyrirtækinu Birni Hallgrímssyni ehf., heldur í dóttur- og dótturdótturfélögum. Hafi Kristni verið þessi afstaða stefnanda ljós, og systur hennar deilt sömu skoðun og gert það að skilyrði að allar meiri háttar ákvarðanir, sem ekki féllu undir daglegan rekstur, skyldu samþykktar í stjórn

félagsins. Stefnandi telur að henni hafi markvisst verið veittar rangar upplýsingar um raunverulega fjárhagsstöðu samstæðu Björns Hallgrímssonar ehf. um árabíl.

Stefnandi og fjölskylda hennar hafi jafnframt ítrekað reynt að afla upplýsinga frá Kristni eftir að Glitnir hafði yfirtekið samstæðu Lyfjablóms ehf., án árangurs þar sem hann hafi ekki viljað ræða frekar rekstur félaganna og talið skoðun þar um tilgangslausa. Í þau skipti sem Kristinn hafi svarað tölvuskeytum hafi svör hans verið villandi. Eftir kaup sonar stefnanda á Lyfjablómi ehf. hafi hafist umfangsmikil vinna við greiningu á rekstri á árunum 2004-2008, m.a. með gagnabeiðnum til endurskoðunarskrifstofu og lögmannsstofu samstæðunnar, og ýmissa opinberra aðila. Afar erfiðlega hafi gengið að fá haldbær svör frá endurskoðendum, sem hafi þó að lokum afhent bókhaldskerfi félagsins. Þá hafi komið í ljós að bókhald félagsins var afar ófullnægjandi og skýringar og fylgiskjöl vantað við fjölda úttekta og rökstuddur grunur væri um að félagið hefði greitt háar fjárhæðir, sem virtust rekstri þess með öllu óviðkomandi. Hefði þetta viðgengist um árabíl og í ljós hafi komið að bókhald félaganna hafi verið fært allt að tveimur árum eftir á, en Kristinn hafi verið eini tengiliður varðandi það bókhald.

Þá hafi komið fram vísbendingar um að há vaxtalaus lán eða úttektir hefðu verið veittar til Kristins Björnssonar og/eða félaga í hans eigu, án vitundar annarra hluthafa og án þess að nokkur skjálagerð lægi því til grundvallar. Þá sé uppi rökstuddur grunur um að félagið hafi um árabíl verið látið greiða ýmsan rekstrarkostnað fyrir einkahlutafélag Kristins auk persónulegra útgjalda. Jafnframt hafi ítrekað komið í ljós háar lánveitingar Björns Hallgrímssonar ehf. teknar af Kristni án samþykkis stjórnarmanna, og að Kristinn hafi ráðstafað lausafé dótturfélaga í afar áhættusömum gerningum.

Að mati stefnanda sýna gögn málsins fram á að háttsemi sú sem tekist sé á um í máli þessu hafi verið til þess fallin að valda henni tjóni, enda hafi vísvitandi verið haldið að henni röngum upplýsingum, og allt hafi verið gert til að leyna því að sannleikurinn kæmi fram í málinu. Rökstuddur grunur sé til staðar um að verulegt misferli hafi átt sér stað með fjármuni Björns Hallgrímssonar ehf. samstæðunnar um árabíl, sem valdið hafi stefnanda gríðarlegu fjártjóni, m.a. að því er varðar þá bótaskyldu háttsemi sem tekist sé á um í máli þessu. Hefði stefnandi haft nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi hefði hún aldrei greitt þá fjármuni sem tekist er á um í máli þessu.

Í fyrsta lagi varði mál þetta hlutfallslega greiðslu stefnanda til Glitnis banka hf. á rekstrarkostnaði Gnúps á árinu 2008 þar sem Kristinn hafi ranglega talið stefnanda trú um að hún þyrfti persónulega, sem hluthafi, að inna af hendi greiðslur til Glitnis banka

hf. vegna rekstrarkostnaðar Gnúps, sbr. m.a. tölvuskeyti Kristins til stefnanda og fleiri, dags. 31. janúar 2008. Þáverandi yfirlögfræðingur Glitnis banka hf. hafi staðfest að slík persónuleg ábyrgð hafi aldrei komið til tals í samningaferlinu, enda hefði sú yfirlýsing og samkomulag, er undirritað var þann 8. janúar 2008, einvörðungu falið í sér persónulega ábyrgð þeirra einstaklinga er undirrituðu yfirlýsinguna. Þá hafi stefnandi verið leynd veigamiklum atriðum varðandi samkomulagið um Gnúp þar sem hún hafi ekki fengið að sjá ýmis mikilvæg fylgiskjöl með gerningi þessum sem skýrðu nákvæmlega takmörkun ábyrgðarinnar. Staðreyndin sé einfaldlega sú að umræddur kostnaður hafi verið bundinn hlutfallslega við stjórnarmenn í Gnúpi, þ. á. m. við Kristin Björnsson.

Af þeim skjölum sem stefnandi hafi nú fengið í hendur löngu síðar megi vera ljóst að stjórnarmenn Gnúps, þ. á. m. stjórnarformaðurinn Kristinn, hafi gengist persónulega í ábyrgðir vegna lokunar félagsins, í því skyni að forða þeim frá hugsanlegum skaðabótakröfum. Kristinn hafi þó kynnt fyrir stefnanda að allir hluthafar Björns Hallgrímssonar ehf. þyrftu að ábyrgjast og greiða þann rekstrarkostnað. Mikilvægt sé í þessu sambandi að skoða sérstaklega texta umboðsskjalsins frá 8. janúar 2008. Hafi það verið trú stefnanda, m.a. vegna fullyrðinga Kristins, að öll helstu atriði samkomulagsins væru þar tæmandi talin og umboðsskjalið hefði átt að gefa fullnægjandi mynd af öllum meginatriðum samkomulagsins og hún mátt treysta því að svo væri. Sú hafi þó ekki verið raunin. Telur stefnandi að texti umboðsskjalsins hafi verið saminn af Kristni sjálfum. Engar takmarkanir sé þar að finna á greiðsluskyldu þessari og því sá möguleiki verið fyrir hendi að um háar fjárhæðir yrði að ræða, sem varð og raunin þrátt fyrir fullyrðingar Kristins um að greiðslur þessar yrðu ekki háar. Kristinn hafi ranglega haldið því fram að mikilvægt væri að koma í veg fyrir gjaldþrot Gnúps, enda gæti að öðrum kosti komið til riftunarmála er beinst gætu að hluthöfum Björns Hallgrímssonar ehf., sem stefnandi telur enn fremur rangt. Stefnandi byggir á því að raunverulega ástæðu fyrir því að Kristinn sá ástæðu til að gangast sem stjórnarmaður í Gnúpi undir persónulega ábyrgð á skuldbindingum Gnúps megi rekja til þess að hann hafi sjálfur haft verulega persónulega hagsmuni af því að forða félaginu frá gjaldþroti og koma þannig í veg fyrir að skiptastjóri færi yfir einstaka rekstrarþætti í starfseminni. Gnúpur hafi síðan verið rekinn áfram og orðið að eins konar „ruslakistu“ fyrir Glitni banka hf. eftir yfirtökuna á félaginu. Þá hafi Glitnir banki hf. haft mikla hagsmuni af því að Gnúpur færi ekki í þrot, enda hefði það haft neikvæð áhrif á gengi hlutabréfa þeirra sem voru í eignasafni Gnúps, m.a. í FL Group

hf. Hafi Glitnir banki hf. enn fremur haft Kristin í fjötrum vegna slæmrar skuldastöðu hans og fjárfestingarfélags hans við bankann. Hann hafi m.a. af þeim sökum gengist undir afarkosti Glitnis banka hf. og freistað þess að koma skuldbindingum sínum yfir á stefnanda.

Stefnandi byggir á því að hún hafi í raun enga ástæðu haft til að efast um trúverðugleika fullyrðinga Kristins um framangreint, en erfiðlega hafi gengið að fá nákvæmar upplýsingar í þessu sambandi hjá Kristni, svo sem sundurliðanir, fjárhæðir og kvittanir hvað þessar greiðslur snertir. Hafi verið gerð tilraun til að fá Kristin og svo aðra stjórnendur Gnúps til að ganga í þá vinnu og framvísa öllum nauðsynlegum skjölum til þess að átta sig á stöðunni, en þær tilraunir hafi ekki borið árangur. Vegna þeirrar óvissu hafi eiginmaður stefnanda, Gunnar Scheving Thorsteinsson, gengið fram fyrir skjöldu, enda hafði hann líkt og eiginkona hans lagt trúnað á orð Kristins. Þannig hafi Gunnar reynt að fá nánari skýringar Glitnis banka hf. á því hvað bæri að greiða samkvæmt uppgjörinu og verið í samskiptum við systur stefnanda sem og Kristin varðandi greiðslurnar, þ.e. skiptingu í fjórðung, og framsent upplýsingar um það inn á hvaða bankareikning ætti að greiða. Hafi Gunnar með þessu reynt að höggva á þann hnút sem upp var kominn í þessu sambandi, en líkt og stefnandi voru systur hennar mjög ósáttar með þær fjárgreiðslur sem þær þurftu að inna af hendi, enda breyttust greiðslur þessar ört og bárust m.a. reikningar frá Glitni banka hf. sem voru án sundurliðunar. Óumdeilt sé að stefnandi hafi greitt vegna þessa 12.998.059 krónur.

Stefnandi telur að Kristinn hafi með framangreindum hætti bæði leynt veigamiklum atriðum um skyldu hennar til þátttöku í greiðslu umrædds kostnaðar auk þess sem Kristinn hafi beitt blekkingum í þessu sambandi. Hafi stefnandi ítrekað reynt að ná sáttum við stefndu, þ.e. að fjárhæðir þessar væru endurgreiddar, en því hafi alfarið verið vísað á bug. Hefði stefnandi haft nauðsynlegar upplýsingar á sínum tíma hefði hún aldrei samþykkt að greiða umræddan kostnað, enda um algeran forsendubrest að ræða fyrir slíkum greiðslum af hennar hálfu. Hafi hún aukinheldur einvörðungu nýlega séð ýmis gögn sem hafi veitt henni möguleika á að sjá hvað gerst hafði í raun. Með hliðsjón af framangreindu telur stefnandi að hún hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni sem hún eigi lögvarinn rétt á að fá bætt úr hendi stefndu. Stefnandi telji enn fremur ljóst að Kristni hafi verið það ljóst að háttsemi hans hafi verið til þess fallin að valda stefnanda fjárhagstjóni og sé hún því saknæm og ólögmæt.

Í öðru lagi snúi skaðabótakrafa stefnanda að 15 milljóna króna greiðslu er hún innti af hendi til Ernu ehf. með framsali á hlutabréfum 13. ágúst 2008, en fyrir liggir að þáverandi hluthafar í Ernu ehf. séu tengdir fyrirsvarsmönnum Björns Hallgrímssonar fjölskylduböndum. Vorið 2007 hafi Kristinn verið í sambandi við stefnanda þar sem hann hafi lýst yfir vilja sínum að fjárfesta í hlutabréfum í Árvakri hf. Hafi stefnandi og eiginmaður hennar hins vegar lýst sig mótfallin þeirri fjárfestingu fyrir hönd Björns Hallgrímssonar ehf., enda um áhættufjárfestingu að ræða, sem halda skyldi utan móðurfélagsins. Sé á því byggt að Kristinn Björnsson hafi blekkt stefnanda til að greiða persónulegar skuldbindingar sem henni hafi verið óviðkomandi og þannig valdið stefnanda tjóni á saknæman og ólögmetan hátt, eins og ítarlega hafi verið rakið að framan um kaup á hlutabréfum í Árvakri hf.

Af kaupsamningnum sjálfum um bréfin megi ráða að Kristni var andstaða stefnanda kunnug. Fyrir liggir að stefnandi kannist í engu við að hafa undirritað sjálfskuldarábyrgð samfara þeim kaupum, né um ástæður þess að peningamarkaðslán var tekið hjá Glitni banka hf. fyrir þeim kaupum, enda nægt fé til staðar. Þá kannist stefnandi ekki við að hafa undirritað handveðsyfirlýsingu við Glitni banka hf. þann 8. janúar 2008 í tengslum við þau kaup.

Stefnandi telur að eftir yfirtökuna á Gnúpi og undirritun kyrrstöðusamnings um samstæðu Björns hafi Kristinn náð hagfelldum samningum fyrir sig og sitt félag við Glitni banka ehf. en sömu sögu sé ekki að segja um samningaviðræður um Björn Hallgrímsson ehf. Að mati stefnanda hélt Kristinn uppi kerfisbundnum hræðsluáróðri um að bjarga yrði samstæðunni frá gjaldþroti því að ef félagið færi í þrot væri raunverulega sú hættu til staðar að Glitnir banki hf. myndi sækja persónulega á hluthafa vegna útgreiðslna út úr félaginu, m.a. vegna 1420 milljóna króna útgreiðslu í júlímánuði 2007, sem og að gjaldþrot gæti kallað fram óþægindi fyrir hluthafa. Ekki hafi hins vegar verið um arðgreiðslur frá Birni Hallgrímssyni ehf. að ræða heldur sölu á eigin bréfum á tíma þar sem verðmæti samstæðunnar hljóp á milljörðum króna, og því á engan hátt óeðlilegar.

Stefnandi bendir á að nefndur kaupsamningur hafi aldrei verið tekinn til umræðu eða borinn undir atkvæði í stjórn félagsins, enda hefði stefnandi aldrei samþykkt hlutafjárkaup þessi. Lán það sem tekið hafi verið til að fjármagna kaupin hjá Glitni banka hf. hafi enn fremur verið ólögmett þar sem það hafi aldrei verið borið undir stjórn. Yfirlýsing um sjálfskuldarábyrgð vegna láns, sem hafi verið dagsett aftur í tímann, hafi

ekki verið undirritað af hálfu stefnanda þrátt fyrir að skjalið beri það með sér. Hafi stefnandi t.a.m. ítrekað framsent fyrirspurnir þessu að lútandi til þess að fá nánari upplýsingar um undirritun þessa, m.a. til stefndu, en þeim fyrirspurnum hafi í engu verið svarað. Þá hafi stefnandi ekki undirritað veðskjöl þessu tengd og ekki fengið upplýsingar þar að lútandi. Hefði stefnanda verið þetta ljóst, þ.e. að haldið hefði verið frá henni mikilvægum upplýsingum, hefði hún aldrei samþykkt að greiða umrædda fjárhæð, enda um algeran forsendubrest að ræða. Háttsemi Kristins hafi verið saknæm og ólögmæt og andstæð samþykktum Björns Hallgrímssonar ehf. og hagsmunum þess félags. Ef stefnandi hefði fengið nauðsynlegar og réttar upplýsingar um óheimilar lántökur, stöðu bókhalds og þá óreiðu sem ríkti í framangreindum félögum hefði stefnandi aldrei samþykkt að greiða 15 milljónir króna til Ernu. Hér sé enn fremur byggt á sjónarmiðum um forsendubrest. Stefnandi hefði því ekki þurft, líkt og Kristinn hafði sannfært hana um að hún yrði að gera, að framselja hlutabréfin. Hafi stefnandi því orðið fyrir tjóni á grundvelli blekkinga Kristins, sem sé saknæm og ólögmæt háttsemi. Því beri að fallast á bótakröfu stefnanda.

Stefnandi bendir á að það hafi verið að frumkvæði Kristins að greiðsla færi fram til Ernu með sölu persónulegra hlutabréfa stefnanda 13. ágúst 2008, þá að verðmæti 15 milljónir króna. Stefnandi telur að rekja megi þetta til slælegrar lausafjárstöðu Kristins sjálfs. Stefnandi telur að upplýsingum hafi vísitandi verið haldið frá henni sem hafi leitt til þess að hún féllst á að greiða umrædda fjárhæð. Eins og málum hafi í raun verið háttað hefði átt að taka bú félagsins til gjaldþrotaskipta, enda hefði þá aldrei komið til þessarar greiðslu til Ernu ehf., en hvað sem öðru líður hefði Kristinn einn átt að bera þann kostnað. Á því sé byggt að Kristinn Björnsson hafi blekkt stefnanda til að greiða persónulegar skuldbindingar hans vegna Gnúps hf. í kjölfar yfirtöku Glitnis banka hf. á Gnúpi þann 8. janúar 2008. Hafi stefnanda í raun verið þessar greiðslur óviðkomandi eins og fram sé komið og háttsemi Kristins í senn verið saknæm og ólögmæt og leitt til fjártjóns fyrir stefnanda.

Vaxtakrafa stefnanda byggist á 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Upphaf vaxtakröfu sé fjórum árum áður en mál þetta sé þingfest. Dráttarvaxtakrafa stefnanda byggist á 9. gr., sbr. 6. gr., laga nr. 38/2001. Upphaf dráttarvaxtakröfu sé einum mánuði eftir að mál þetta var þingfest.

Stefnandi byggir á því að fjártjón hennar sé bein afleiðing saknæmrar og ólögmætrar háttsemi Kristins sem rakin hafi verið hér að framan. Séu bein orsakatengsl

milli ólögmatra aðgerða Kristins og tjóns stefnanda og sé hin saknæma háttsemi Kristins bæði nauðsynlegt og nægjanlegt skilyrði tjóns stefnanda, enda hefði fjártjón stefnanda ekki komið til nema vegna hinnar saknæmu og ólögmatu háttsemi Kristins. Stefnandi byggir enn fremur á því að Kristni hafi mátt vera það ljóst að háttsemi hans var til þess fallin að valda stefnanda fjárhagstjóni eins og raungerst hafi.

Stefnandi byggir á því að kröfur hans á hendur stefndu séu hvorki fallnar niður fyrir fyrningu né tómlæti. Verði að horfa til þeirrar sérstöðu sem uppi er í máli þessu, þar sem sú háttsemi sem sé til meðferðar hafi verið dulin með skipulögðum hætti, árum saman. Stefnandi hafi ekki fyrr en löngu eftir að málsatvik gerðust fengið nægilegar upplýsingar um hina saknæmu háttsemi sem hafi gert honum mögulegt að höfða mál þetta.

Byggir stefnandi því jafnframt á því að horfa beri til laga nr. 150/2007 að því er varðar upphaf fyrningarfrests í máli þessu, nánar tiltekið 1. mgr. 9. gr. þeirra laga. Þar segi að upphafstími fyrningar skaðabótakrafna utan samninga miðist við daginn þegar tjónþoli fékk „nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga.“ Eins og að framan sé rakið hafi stefnandi einvörðungu nýlega fengið nauðsynlegar upplýsingar um tjónið sem leiðir til þess að kröfur félagsins eru ófyrndar.

Um lagarök byggir stefnandi kröfur sínar á meginreglum skaðabótaréttar, m.a. sakarreglunni. Þá byggir stefnandi málartilbúnað sinn á lögum um hlutafélög nr. 2/1995, lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994, lögum um ársreikninga nr. 3/2006 og lögum um bókhald nr. 145/1994. Þá er enn fremur byggt á erfðalögum nr. 8/1962, einkum 12. gr. Þá er vísað til núgildandi fyrningarlaga nr. 150/2007, einkum 9. gr. þeirra. Um varnarþing er vísað til 1. mgr. 32. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um kröfusamlag er vísað til 1. mgr. 27. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafan um málskostnað styðst við 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfu um dráttarvexti styður stefnandi við reglur III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Þá styðst krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun við lög nr. 50/1988.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Stefnda bendir á að langstærstur hluti reifunar málsatvika í stefnu varði atriði sem séu utan við tilefni málshöfðunar. Hitt sé þó verra að þar komi fram beinar rangfærslur og ósannindi um fjölmörg atriði og hreinar dylgjur, sem ekki sé ástæða til að elta ólar við. Af þessu leiði að málavaxtalýsingunni í heild sé mótmælt sem rangri í verulegum atriðum, hlutdrægri og ónákvæmri. Á ýmsum stöðum í málavaxtalýsingu stefnanda og einnig í útlitun málsástæðna komi fram staðhæfingar um að Kristinn Björnsson hafi í samtölum við stefnanda gefið henni rangar upplýsingar um stöðu félagsins og um skyldur hennar til að inna af hendi greiðslur sem henni hafi verið óskýlt að greiða. Öllum slíkum staðhæfingum sé mótmælt sem röngum og ósönnuðum af hálfu stefndu, enda hafi stefnda aldrei heyrt af neinu slíku meðan Kristinn hafi verið á lífi og ekki heyrt neitt slíkt frá öðrum systur Kristins fyrr eða síðar.

Stefnda bendir á að víða í málatilbúnaði stefnanda sé á því byggt að stefnandi hafi mest lítið vitað um fjárfestingar, áhættutengdan rekstur og starfsemi fyrirtækjanna sem hún hafi verið stjórnandi í. Öllum staðhæfingum í þessa veru sé mótmælt sem röngum og ósönnuðum, enda hafi stefnandi um árabil verið í stjórn þeirra fyrirtækja sem við sögu koma í málinu, hún hafi sem slík haft aðgang að gögnum og upplýsingum um félögin, auk þess sem hún hafi samþykkt í verki ársreikninga félaganna, sem gerðir hafi verið á ábyrgð stjórnarinnar. Einnig sé bent á að eiginmaður stefnanda, Gunnar Scheving Thorsteinsson, sé verkfræðingur og margreyndur í viðskiptum. Hann hafi um áratugaskeið rekið verkfræðistofu en auk þess sinnt fjárfestingum og verið í stjórnnum félaga, m.a. aðalstjórn Skeljungs hf., sem á þeim tíma hafi verið skráð félag í Kauphöllinni. Hann hafi einnig verið mjög vel að sér í málefnum félaganna sem um ræðir og komið sjálfur að þeim beint, eins og fram komi í framlögðum málsgögnum. Það sé mótsagnakennt að einstaklingur sem notið hefur ríkulegra fjármagnstekna af félögum, sem hún sjálf hafi verið stjórnandi í, komi mörgum árum síðar fram með ásakanir eins og haldið sé fram í málinu og haldi því blákalt fram að hún hafi lítið sem ekkert vitað um hluti sem hún sjálf hafði lagaskyldur til að sjá um að væru í réttu horfi. Vegna stórfelldra annmarka á málavaxtalýsingu stefnanda sé óhjákvæmilegt að gera sérstaka grein fyrir málavöxtum eins og þeir horfa við stefndu.

Um A-lið dómkröfu stefnanda sérstaklega sé bent á að stefnandi og systkin hennar hafi hvert um sig verið eigendur fjórðungshlutar í einkahlutafélaginu Björn Hallgrímsson ehf. Öll hafi átt sæti í stjórn félagsins og þau sameiginlega borið jafna

ábyrgð á öllum málefnum félagsins, sbr. 44. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994. Tveir menn hafi haft prókúruumboð fyrir félagið meðan þau sátu í stjórn þess, Kristinn Björnsson og Gunnar Scheving Thorsteinsson, eiginmaður stefnanda. Á tímabilinu frá desember 2006 til júlí 2007 hafi systkinin hvert um sig fengið greiddar út samtals 540 milljónir króna í arð og/eða sem andvirði eigin hlutabréfa en þeir fjármunir hafi allir komið úr starfsemi Gnúps.

Stefnda bendir á að Kristinn Björnsson hafði haft óskorað umboð hluthafa Björns Hallgrímssonar ehf., síðar Lyfjablóms, til að annast hagsmuni félagsins í starfsemi Gnúps og hafi hann undirritað yfirtökusamninginn fyrir hönd félagsins. Heimild hans til þeirrar ráðstöfunar hafi verið staðfest af öllum systurum hans með umboðsskjali 9. janúar 2008. Í 6. gr. samningsins sé ákvæði þess efnis að Kristinn Björnsson og þrír aðrir einstaklingar ábyrgist gagnvart Gnúpi og Glitni banka hf., „hlutfallslega miðað við hlutafjäreign sína í Gnúpi“, greiðslu á tilteknum skuldbindingum Gnúps. Samhliða samkomulaginu hafi verið gerð sérstök yfirlýsing um takmörkun á þessari ábyrgð.

Öllum hluthöfum Lyfjablóms hafi verið það ljóst að Kristinn Björnsson var ekki hluthafi í Gnúpi. Hann sé í þessum samningsákvæðum persónugerður sem hluthafi fyrir þann aðila sem hann var fulltrúi fyrir í stjórn félagsins. Þannig hafi allir hluthafar Lyfjablóms litið á þessa stöðu hans frá upphafi. Aldrei hafi annað komið fram en að öll systkinin væru því sammála að þau þyrftu að skipta þessari byrði jafnt á milli sín. Því sé harðlega mótmælt sem röngu og ósönnuðu að Kristinn Björnsson hafi beitt einhverjum blekkingum í þessu sambandi. Stefnandi hafi rétt eins og aðrir sem málið snerti haft þessi skjöl undir höndum og aldrei gert neinar athugasemdir við efni þeirra eða efndir á þeim fyrir en fjölmörgum árum eftir andlát Kristins.

Stefnda telur það til marks um fráleitan málalíbúnað stefnanda, að það hafi verið eiginmaður stefnanda sjálfrar sem lauk endanlega við samningsgerðina við Glitni banka hf. um efndir á samkomulaginu samkvæmt 6. gr. yfirtökusamningsins. Eiginmaðurinn, Gunnar Scheving Thorsteinsson, hafi gengið í það verkefni að eigin frumkvæði að fá það á hreint hvað greiða skyldi samkvæmt samningnum. Tölvupóstur Gunnars til Kristins Björnssonar og fleiri viðtakenda 3. september 2008 um þetta atriði skýri þetta betur en mörg orð. Þar sé það Gunnar sem geri hinum grein fyrir viðræðum sem hann hafi átt við Glitni um málið, að „þeir“ hafi fengið hans gögn til yfirferðar og ætli síðan að hitta hann til að reyna að ljúka málinu. Síðan geri hann grein fyrir því hvað hver og einn eigi að borga og segi Kristni að senda þetta á alla hina, ekki aðeins hluthafa Lyfjablóms heldur

alla aðra hluthafa Gnúps líka. Allar greiðslur stefnanda vegna þessa hafi verið inntar af hendi án nokkurs fyrirvara eða áskilnaðar um kröfurétt á hendur öðrum.

Stefnda mótmælir kröfunni í A-lið dómkrafna stefnanda sem algerlega tilhæfulausri. Því sé harðlega mótmælt sem röngu og ósönnuðu að Kristinn Björnsson hafi á nokkurn hátt bakað sér bótaábyrgð í þeirri atburðarás sem hafi leitt til þess að stefnandi tók þátt í að greiða þær kröfur á árinu 2008 sem dómkrafan lúti að. Í þessu sambandi bendir stefnda á að þegar umræddar greiðslur voru inntar af hendi hafði stefnandi um árabíl átt sæti í stjórn Lyfjablóms. Henni og eiginmanni hennar hafi að sjálfsögðu verið ljóst að hluthafar í slíkum félögum beri ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum félags umfram hlutafjäreign sína. Stefnda byggir á því að stefnandi hafi innt umræddar greiðslur af hendi af fúsum og fjálsum vilja, rétt eins og systkin hennar, og án þess að gera minnsta fyrirvara um hugsanlegan rétt til að fá þá fjármuni endurgreidda úr hendi nokkurs annars.

Stefnda bendir einnig á að setja verði greiðsluna í rétt samhengi. Við ákvörðun um greiðsluna, og það sama eigi við um greiðslu sem B-liður dómkröfu stefnanda sé út af, skipti máli að fjárhæðirnar, um 12 og 13 milljónir króna, hafi verið lágar greiðslur í samanburði við þá miklu fjárfestingarstarfsemi sem fyrirtækin höfðu staðið í, og þá einkum greiðslur sem systkinin, þ. á. m. stefnandi, höfðu notið frá Lyfjablómi misserunum á undan. Samkomulag við Glitni banka hf. um yfirtöku á Lyfjablómi hafi verið með afdráttarlausu ákvæði um að bankinn myndi ekki hafa uppi neinar kröfur á hendur seljendum út af atvikum sem gerst hefðu í rekstri Lyfjablóms eða félögum innan samstæðunnar fyrir undirritun sammingsins. Það komi glöggt fram í gögnum málsins hversu mikils stefnandi, og eiginmaðurinn sem fulltrúi hennar, hafi metið þetta á þeim tíma, en meginmarkmið sammingsgerðarinnar hafi verið að tryggja hag fjölskyldnanna sem um ræðir, m.ö.o. fyrirbyggja að þau yrðu fyrir enn frekari fjárhagslegum skakkaföllum, sem hugsanlegar endurkröfur og/eða skaðabótakröfur kynnu ella að hafa í för með sér. Systkinin hafi verið samtaka um þetta, eins og málsgögn beri með sér. Hafi stefnandi haft athugasemdir við greiðslurnar sem hún innti sjálf af hendi, þá hafði hún ríka ástæðu til að gera athugasemdir og eftir atvikum að kalla eftir gögnum, áður en gengið var til samninga en ekki að koma til baka mörgum árum seinna, eins og hún geri nú.

Verði þrátt fyrir allt komist að niðurstöðu um að stefnandi hafi eignast einhvern kröfurétt á hendur eiginmanni stefndu vegna þessa sé á því byggt að sá kröfuréttur sé fyrndur eða niður fallinn vegna tómlætis.

Um fyrningu kröfuréttarins vísar stefnda til meginreglu 3. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007, þess efnis að fyrningarfrestur kröfuréttinda sé fjögur ár. Einnig sé vísað til 9. gr. laganna, en samkvæmt þeirri lagagrein fyrnist krafa um skaðabætur á fjórum árum frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga.

Stefnda telur að stefnandi hafi frá 9. janúar 2008 haft undir höndum öll þau gögn um samningsgerðina við Gnúp sem máli skiptu varðandi þær kostnaðargreiðslur sem hún og aðrir hluthafar í Lyfjablómi tóku að sér að greiða. Upplýsingar um heildarfjárhæðina hafði hún a.m.k. ekki síðar en 24. september 2008, þegar lokagreiðsla hennar hafi verið innt af hendi. Stefnandi hafi fyrst sett fram kröfu sína á hendur stefndu með bréfi lögmanns 13. mars 2020. Þá hafi verið liðin meira en 12 ár frá fyrstu greiðslunni og 1 ½ ár frá lokagreiðslunni. Kröfubréfi lögmannsins hafi verið svarað 20. mars 2020 og greiðsluskyldunni neitað afdráttarlaust. Málið hafi svo verið höfðað 19 mánuðum síðar, eða með stefnubirtingu 27. október 2021. Þá hafi verið liðin meira en 13 ár frá lokagreiðslunni. Stefnda telur augljóst að ekkert sem fram komi í sóknargögnum þessa máls geti leitt til þess að fyrningarfrestur teljist hafa byrjað að líða síðar. Stefnda taki sérstaklega fram að hún telji 1. mgr. 10. gr. laganna ekki geta átt við um þetta tilvik, en jafnvel þótt svo væri teldist krafa hennar fyrnd þar sem meira en eitt ár hafið liðið frá því að hún beindi fjárkröfu sinni að stefndu þar til mál þetta var höfðað.

Verði þrátt fyrir allt framangreint komist að niðurstöðu um að krafa stefnanda sé ekki fyrnd sé á því byggt að kröfurétturinn hafi fallið niður vegna tómlætis stefnanda um kröfurétt sinn. Sé auk annarra atvika sérstaklega vísað til þess langa tíma sem leið frá því að kröfubréfi stefnanda var hafnað í mars 2020 þar til stefna var birt í málinu. Telur stefnda að í því samhengi verði ekki framhjá því litið hve langt sé síðan greiðslurnar voru inntar af hendi og sex ár liðin frá andláti Kristins Björnssonar þegar málið var höfðað. Stefnda hafi aldrei verið hluthafi í neinu þeirra félaga sem eiginmaður hennar stóð að og aldrei haft neinn aðgang að bókhaldi þeirra félaga eða öðrum gögnum. Henni sé því óhægt um vik að svara fyrir einstök atvik sem áttu sér stað í tengslum við þau félög, og auðvitað verði slíkt örðugra fyrir hana eftir því sem lengra líður frá.

Um B-lið dómkrafna stefnanda vísar stefnda til þess að samhliða samningum um Gnúp hafi verið gert svokallað kyrrstöðusamkomulag við Glitni um málefni Lyfjablóms eða 9. janúar 2008, og allir hluthafar Lyfjablóms undirritað það samkomulag, þ. á m. stefnandi. Þá hafi verið teknar upp viðræður við Glitni um leiðir til að komast hjá því að gengið yrði að félaginu. Kristinn Björnsson og Gunnar Scheving Thorsteinsson hafi tekið þátt í viðræðum við bankann um þessi atriði ásamt Ragnari Halldóri Hall lögmanni. Meðan á þeirri viðleitni hafi staðið hafi fulltrúar bankans gert alvarlegar athugasemdir við útgreiðslur úr félaginu til hluthafanna, sem bankamennirnir töldu að hefðu verið í bága við lánaskilmála. Vísar stefnda í þessu sambandi til bréfaskrifta Kristins Hallgrímssonar lögmanns og Ragnars Halldórs Hall. Ljóst megi vera að röksemdir sem teft hafi verið fram af hálfu Lyfjablóms í þessum bréfum hafi a.m.k. verið umdeilanlegar, ekki síst ef litið er til ákvæða lánsammans sem gerður var 15. nóvember 2007. Í honum komi fram hömlur á útgreiðslum, sem takmarkist ekki við arðgreiðslur eins og stefnandi virðist nú halda fram. Enn fremur bendir stefnda á að skattyfirvöld áttu síðar eftir að komast að niðurstöðu um að greiðslur til hluthafa Lyfjablóms vegna sölu þeirra á hlutafé þeirra í Lyfjablómi til félagsins sjálfs hefðu verið umfram heimildir í skattalögum þannig að þær voru skattlagðar sem óheimilar úttektir úr félaginu.

Stefnda bendir og á að samkvæmt framlögðum gögnum málsins hafi eiginmaður stefnanda sett sig mjög vel inn í öll álitafni sem vörðuðu gerð samningsins um yfirtöku Glitnis á öllu hlutafé Lyfjablóms 13. ágúst 2008. Ein af meginforsendum þess samnings hafi verið uppgjör hluthafa Lyfjablóms við Ernu ehf., en stefnukrafan varði einmitt hlutdeild stefnanda í greiðslunni til Ernu ehf. Stefnandi hafi sjálf undirritað samninginn eftir ítarlega skoðun eiginmanns síns á öllum forsendum þess samnings. Vegna ágreiningsins sem upp hafði komið hafi verið sett inn yfirlýsing Glitnis um að bankinn mundi ekki gera kröfur á hluthafana vegna atvika sem átt hefðu sér stað í starfsemi Lyfjablóms eða dótturfélaganna. Þetta ákvæði hafi verið afar þýðingarmikil forsenda samningsgerðarinnar af hálfu hluthafanna og átt eftir að reynast þeim vel.

Stefnda mótmælir því sem hreinum uppspuna að Kristinn Björnsson hafi beitt stefnanda eða nokkurn annan einhverjum blekkingum í sambandi við samningsgerðina eða nokkur önnur atriði sem tengdust málefnum Lyfjablóms. Stefnda bendir jafnframt á að ótvíræð gögn liggi fyrir um það að eiginmaður stefnanda hafi borið mikið lof á lögmann þeirra fyrir að hafa komið samningunum í höfn og entist sú ánægja í þeim herbúðum í mörg ár eftir samningsgerðina.

Eins og rakið hafi verið hafi stefnandi og eiginmaður hennar, sem og aðrir hluthafar Lyfjablóms, komið með virkum hætti að undirbúningi samningsgerðar um yfirtöku Glitnis. Ljóst sé að ekkert hefði orðið af þeirri samningsgerð ef eitthvert systkina Kristins Björnssonar hefði ekki samþykkt þá leið sem að lokum var farin í þessu uppgjöri. Hafi þau öll verið samstíga í þessu og ekki annað fram komið en að þau hafi öll verið mjög sátt við það hvernig málin voru afgreidd.

Stefnda mótmælir því sem fjarstæðu og algerlega ósönnuðu að Kristinn Björnsson hafi með ólögmati eða saknæmri háttsemi á einhverju stigi eða á einhvern hátt valdið því að stefnandi hafi verið fengin til að taka þátt í þeirri samningsgerð sem þessi kröfufullur snýst um. Augljóst sé af gögnum málsins að stefnandi hafi tekið þátt í samningsgerðinni og uppgjörinu við Ernu ehf. af fúsum og frjálsum vilja og talið hag sínum best borgið með þeim hætti eins og staðan í málefnum Lyfjablóms hafi verið á þeim tíma. Stefnandi hafi sett þessa kröfu fyrst fram með stefnu þessa máls, meira en 13 árum frá greiðslunni. Verði þrátt fyrir allt komist að niðurstöðu um að stefnandi hafi eignast einhvern kröfurétt sé á því byggt að sá kröfuréttur sé fyrndur eða niður fallinn vegna tómlætis, með sama hætti og að framan greindi um fyrri dómkröfu málsins.

Stefnda telur augljóst að ekkert sem fram kemur í gögnum þessa máls geti leitt til þess að fyrningarfræstur teljist ekki hafa þegar byrjað að líða þegar greiðslur áttu sér stað. Allt frá samningsgerðinni 13. ágúst 2008 hafi stefnandi hafi undir höndum öll gögn sem máli skiptu varðandi uppgjörið við Ernu ehf., enda undirritaði hún samninginn sjálf. Sé vísað til sömu forsendna og um fyrri dómkröfu málsins hvað varðar fyrningu.

Verði þrátt fyrir allt framangreint komist að niðurstöðu um að krafa stefnanda sé ekki fyrnd er á því byggt að kröfurétturinn hafi fallið niður vegna tómlætis stefnanda. Krafan sé eins og áður segir fyrst sett fram með stefnu málsins. Telur stefnda að líta verði sérstaklega til þess að á þeim tíma voru sex ár liðin frá andláti Kristins Björnssonar. Stefnda hafi aldrei verið hluthafi í neinu þeirra félaga sem eiginmaður hennar stóð að og hafi aldrei haft neinn aðgang að bókhaldi þeirra félaga eða öðrum gögnum. Henni sé því óhægt um vik að svara fyrir einstök atvik sem hafi átt sér stað í tengslum við þau félög, og auðvitað verði slíkt örðugra fyrir hana eftir því sem lengra líði frá.

Um málskostnaðarkröfu sína vísar stefnda til 130. gr. og 2. mgr., sbr. a- og c-liði 1. mgr., 131. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Kröfu um álag á málskostnað byggir stefnda á því að málatilbúnaður stefnanda innihaldi afar meiðandi og tilhæfulausar staðhæfingar þess efnis að eiginmaður hennar hafi beitt stefnanda og systur þeirra grófum

blekkingum, sem hafi valdið þeim fjárhagslegum útgjöldum, sem þær hefðu aldrei átt að verða fyrir. Í stefnu málsins séu fjölmörg atriði sett fram með reifarakendum hætti um atvik sem þó snerta kröfur í þessu máli ekki neitt. Krafa um álag á málskostnað sé einnig á því byggð að stefnanda hljóti að hafa verið ljóst löngu áður en mál þetta var höfðað að kröfur hennar væru gersamlega haldlausar og auk þess fyrndar eða niður fallnar fyrir tómlæti ef einhvern tíma hafi verið fótur fyrir þeim. Einnig séu í stefnu málsins margvíslegar dylgjur og aðdróttanir um látinn eiginmann stefndu, sem engum haldbærum rökum séu studdar og komi efni málsins ekkert við. Þess sé krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til áhrifa virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Forsendur og niðurstaða:

Aðild stefndu, Sólveigar Guðrúnar Pétursdóttur, að máli þessu er samkvæmt gögnum málsins einvörðungu á þeim forsendum að hún situr í óskiptu búi eftir Kristin Björnsson heitinn, og fer því með eignarráð á fjármunum dánarbús hans, og ber ábyrgð á skuldum hins látna, sbr. 12. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Að öðru leyti telst hún enga aðkomu hafa haft að þeirri meintu saknæmu háttsemi sem málið grundvallast á.

Stefnandi byggir grundvöll málsins á meginreglum skaðabótaréttar um skaðabætur utan samninga, einkum almennu sakarreglunni. Stefnanda ber því að sanna að hún hafi orðið fyrir tjóni og hvert tjónið sé. Þá verður hún að sanna að tjónið verði rakið til hegðunar sem stefnda beri ábyrgð á, sönnun orsakatengsla, og að tjónið sé sennileg afleiðing saknæmrar og ólögðætrar háttsemi.

Í málinu liggur fyrir mikill fjöldi gagna um ýmis málefni. Að því leyti sem þeirra málefna og/eða gagna er ekki getið í málavaxtalýsingu eða forsendum hafa þau ekki skipt máli um sakaefnið og/eða sönnun á dómkröfum málsins að mati dómsins.

Fyrri dómkrafa lýtur að því að stefnandi hafi verið blekkt til þess að greiða ógreiddan kostnað tengdan rekstri Gnúps fjárfestingarfélags hf., fram til 8. janúar 2008. Málsatvikum er lýst í málsatvikakafli I.

Óumdeilt er að stefnandi veitti Kristni þann 9. janúar 2008 umboð til undirritunar samkomulags við Glitni banka hf. 8. janúar 2008. Í tölvupósti Kristins til stefnanda sama dag kemur fram að öll gögn sem hann hafi undirritað þessu samfara lögju frammi og vísaði hann um þau gögn til nafngreindra aðila og símanúmera þeirra. Verður því ekki séð að nein blekking hafi verið af hálfu Kristins um tilvist þeirra skjala, og átti stefnandi þess kost að kynna sér þau og efni þeirra. Ósannað er að Glitnir banki hf. hafi haft Kristin

Björnsson „í fjötrum“, eins og byggt er á, og að það hafi leitt til þess að hann hafi reynt að koma skuldbindingum yfir á stefnanda.

Í 5. gr. samkomulagsins frá 8. janúar 2008 segir að bankinn muni ekki beita sér fyrir gjaldþrotaskiptum Gnúps, enda kæmu ekki fram óvæntar kröfur, sem ekki yrðu greiddar af hluthöfum Gnúps skv. 6. gr. Í 6. gr. kemur fram að Kristinn Björnsson og þrír aðrir nafngreindir einstaklingar ábyrgist, hlutfallslega miðað við hlutafjareign sína í Gnúpi, skuldbindingar, sem stafi af reglulegum rekstri. Ekkert liggur fyrir um það að Kristinn Björnsson hafi persónulega átt hlutafjareign í Gnúpi, að öðru leyti en sem eign dótturdótturfélaga Björns Hallgrímssonar ehf. með sama hætti og stefnandi, og að því leyti verið persónugerður í nefndu samkomulagi. Í yfirlýsingu dagsettri sama dag, þ.e. 8. janúar 2008, sem Kristinn undirritaði persónulega og fyrir hönd dótturdótturfélaganna, og ber yfirskriftina „Takmörkun ábyrgðar samkvæmt 6. gr.“, segir hins vegar að Kristinn og sömu þrír einstaklingar takist persónulega á hendur ábyrgð á fyrrgreindum kostnaði. Í skýrslu Einar Páls Tamimi lögmanns fyrir dóminum, sem á þessum tíma starfaði sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Glitnis banka hf., og bar að hafa komið að nefndri skjalagerð, kom fram að ábyrgðin hefði átt að vera hjá tilgreindum einstaklingum, stjórnendum Gnúps, en nánar um það hverjir þetta áttu að vera hafi komið frá stjórn bankans. Ekkert í fyrrgreindum skjölum vísar um ábyrgð á hendur stjórnarmönnum, og þá verður ekki ráðið að þeir fjórir einstaklingar, sem nafngreindir eru, hafi allir verið í stjórn Gnúps.

Hverjir hafi í raun átt að greiða umþráttan kostnað er samkvæmt framangreindu í það minnsta umdeilanlegt. Þá verður eins og fram er komið við það að miða að öll skjöl þessu samfara hafi legið frammi og stefnandi átt þess kost að kynna sér þau og efni þeirra á sínum tíma. Um framhald málsins ber til þess að líta, og getur um í málsatvikum, að samskipti systkinanna hafi oftast verið óformleg. Hvort framangreint var kynnt stefnanda sérstaklega af hálfu Kristins, og þá með hvaða hætti, liggur ekkert fyrir um, en ósannað er að Kristinn hafi nefnt töluna 2 - 2½ milljón króna í þessu sambandi við stefnanda, eins og haldið er fram.

Fyrir liggur að 31. janúar 2008 sendi Kristinn tölvupóst, meðal annars til stefnanda og eiginmanns hennar, þar sem segir að það skilyrði hafi verið sett af hálfu bankans að hluthafar greiddu kostnað, sem hefði fallið til fyrir 8. janúar 2008, „læt ykkur vita niðurstöðuna, en við verðum að skipta þeirra tölu á milli okkar.“ Stefnandi bar fyrir dómi að hún hefði um allt er snéri að hlutafjareign sinni í samstæðu Björns

Hallgrímssonar ehf. reitt sig á eiginmann sinn, og eftir atvikum son sinn. Stefnandi mundi ekki hvort hún hefði kynnt sér fyrrgreint samkomulag við Glitni banka hf. frá 8. janúar 2008, eða önnur gögn þessu samfara, og vísaði um það á eiginmann sinn.

Upplýst er að eiginmaður stefnanda var með prókúru í Birni Hallgrímssyni ehf., og sat meðal annars í stjórn félags í eigu samstæðunnar. Ekki er ágreiningur um að eiginmaður stefnanda tók að sér þann óumbeðna erindisrekstur að taka saman og tilkynna um fjárhæðir greiðslna, ekki bara til eigenda í samstæðu Björns Hallgrímssonar ehf., heldur einnig til annarra sem ábyrgð báru samkvæmt framangreindum skjölum frá 8. janúar 2008. Upplýsingar um þann kostnað mun hann hafa fengið frá Glitni banka hf. Virðist hafa verið um þarft verk að ræða, en ljóst þykir af því að eiginmaður stefnanda hafði þau gögn sem til þurfti við mat á því hverjir áttu að greiða og í hvaða hlutföllum. Með engum hætti liggur fyrir að þau gögn hafi komið frá Kristni.

Af framangreindu röktu er það niðurstaða dómsins að ósannað sé að Kristinn Björnsson hafi gegn betri trú ranglega talið stefnanda trú um það að henni bæri að greiða umþráttan kostnað, og verður ekki annað ráðið en að hún hafi haft allar forsendur til þess að meta greiðsluskyldu sína sjálf á þeim tíma. Í þessu sambandi verður ekki tekin afstaða til þess hvernig greiðsluskyldu hafi raunverulega átt að vera háttáð, en af framangreindu leiðir að ósannað er að Kristinn Björnsson hafi með blekkingum fengið stefnanda til að greiða þann kostnað, og ber því að sýkna stefndu af dómkröfu A í stefnu.

Seinni skaðabótakrafan lýtur að því að Kristinn Björnsson hafi blekkt stefnanda til þess að greiða kröfu vegna kaupa Björns Hallgrímssonar ehf. á hlutum í Árvakri hf. Málsatvikum er lýst í málsatvikakafli II.

Af gögnum málsins og skýrslu stefnanda fyrir dómi þykir ljóst að hún var því ekki hlynnt að keypt yrðu bréf í Árvakri hf., og var ráð fyrir því gert í kaupsamningi um hlutabréfin að fengist ekki samþykki stjórnar myndu aðrir hluthafar en stefnandi ganga inn í kaupin. Engin gögn liggja fyrir um það hvort eða þá með hvaða hætti fengið var samþykki stjórnar fyrir kaupunum, eða hvaða umræður hafi átt sér stað. Í yfirlýsingu frá 9. janúar 2008, sem undirrituð er af öllum stjórnarmönnum Björns Hallgrímssonar ehf., var hins vegar það skilyrði sett af hálfu Glitnis banka hf. að gengið yrði frá veð- og sölukvöðum á öllum eignum samstæðu Björns Hallgrímssonar ehf., sem ekki væru þegar veðsettar bankanum, þar á meðal hlutafénu í Árvakri hf. Óháð því hvernig að kaupunum var staðið þá var stefnanda ljóst, eigi síðar en 9. janúar 2008, að hlutafjáreignin í Árvakri hf. teldist til eigna samstæðunnar, og ritar stefnandi undir yfirlýsinguna án athugasemda

að því er séð verður um þá eign. Þá kemur fram í samningi frá 13. ágúst 2008 á milli Lyfjablóms ehf., áður Björns Hallgrímssonar ehf., og Glitnis banka hf., um sölu samstæðunnar til bankans, að hluthafar myndu sjálfir gera upp skuldina við Ernu ehf., þ.e. þess félags sem selt hafði þeim hlutinn í Árvakri hf. Stefnandi ritar undir þann samning athugasemdalaust og einnig samkomulag dagsett sama dag um uppgjör kaupverðsins, samtals að fjárhæð 60.000.000 króna. Sama dag undirritar og framselur stefnandi hlutabréf sem hún átti til Ernu ehf., sem greiðslu á hennar hluta vegna kaupanna í Árvakri hf., samtals að verðmæti 15.000.000 króna.

Af framangreindu verður ráðið, að þótt stefnandi hafi verið ósátt, og mögulega ókunnugt um kaupin á hlutafénu í Árvakri hf. þegar þau áttu sér stað, þá hafi hún síðar vitað af þeim kaupum og fallist á að greiða upp ógreitt kaupverð þeirra hlutabréfa með framangreindum hætti. Ósannað er að Kristinn Björnsson hafi blekkst stefnanda til þeirrar greiðslu, eða með hvaða hætti sú blekking hafi þá farið fram. Þannig er ósannað að það hafi ráðið ákvörðunum að bú samstæðu Björns Hallgrímssonar ehf. yrði ekki tekið til gjaldþrotaskipta, að Kristinn ætti þar persónulegra hagsmuna að gæta. Ósannað er að því hafi ranglega verið haldið fram af hálfu Kristins Björnssonar við stefnanda að það þjónaði hagsmunum hluthafanna best að samkomulag næðist við Glitni banka hf. í stað þess að félagið færi í gjaldþrot. Um þetta atriði er einfaldlega ágreiningur með aðilum, þ.e. hvort setja hefði átt félagið í gjaldþrot á árinu 2008 eða ekki. Ljóst er hins vegar af gögnum málsins að athugasemdir voru þá komnar fram af hálfu bankans um þær úthlutanir sem áttu sér stað til hluthafa í samstæðu Björns Hallgrímssonar ehf. á árinu 2007.

Líkt og fram er komið var ákveðið af öllum hlutaðeigandi að Kristinn Björnsson skyldi sjá um rekstur eigna systkinanna í samstæðu Björns Hallgrímssonar ehf., sem fór fram með þeim hætti sem getur um í málsatvikum, án athugasemda að því er séð verður. Systur Kristins, þar með talin stefnandi, hafi því treyst Kristni fullkomlega til ákvarðana innan þeirra félaga og stefnandi tók síðan sjálfstæðar ákvarðanir um það sem að henni snéri með undirritun þeirra skjala sem getið hefur verið um. Hvort þær ákvarðanir teljist réttar eða rangar við skoðun þeirra mörgum árum síðar má deila um, en hvað sem því líður er ósannað af gögnum málsins að stefnandi hafi verið beitt blekkingum til að greiða þá dómkröfu sem getur um í þessum þætti málsins. Af framangreindu leiðir að sýkna ber stefndu af dómkröfu B í stefnu.

Í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda segir að „skaðabætur fyrnist á fjórum árum frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga.“ Lög nr. 150/2007 tóku gildi 1. janúar 2008 og taka til krafna sem stofnast eftir gildistöku laganna. Fjögurra ára fyrningarfrestur gildir því um meintar skaðabótakröfur þessa máls. Af hálfu stefnanda er vísað til þess að fyrningarfrestur hafi byrjað að líða á árunum 2019 eða 2020, þegar fyrst hafi legið fyrir nauðsynlegar upplýsingar til höfðunar málsins.

Eins og rakið er hefur legið fyrir frá árinu 2008 hver meintur tjónvaldur er og stefnandi hefur frá sama tíma haft allar upplýsingar um fjárhæðir þessa máls. Önnur gögn sem lögð hafa verið fram í máli þessu virðist hafi verið aflað í öðrum tilgangi en til sönnunar á þeim tveimur dómkröfum sem hér eru til úrlausnar. Getur öflun þeirra því ekki haft nein áhrif um mögulega fyrningu dómkrafna málsins.

Skilyrðið um vitneskju tjónþola samkvæmt 9. gr. laga nr. 15/2007 byggist á tveimur þáttum, sbr. greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum um fyrningu kröfuréttinda. Annars vegar vitneskju um tjónið og hins vegar vitneskju um þann sem ábyrgð ber á því. „Þegar bæði þessi skilyrði eru uppfyllt byrjar fyrningarfrestur kröfunnar að líða.“ Samkvæmt framangreindu byrjaði fyrningarfrestur dómkrafna þessa máls að líða þegar á árinu 2008. Ef skaðabótaábyrgð hefði verið til að dreifa, sem þó hefur ekki verið fallist á, hefðu kröfurnar í síðasta lagi fyrnst á árinu 2012, og væru því löngu fyrndar við höfðun þessa máls. Reglur um tómlæti, miðað við vitneskju aðila, leiða til sömu niðurstöðu.

Með vísan til alls framangreinds verður stefnda sýknuð af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Að teknu tilliti til þess hvernig mál þetta er byggt upp af hálfu stefnanda, með miklum fjölda gagna, sem virðast eiga að varpa ljósi á ýmis önnur atriði en hér eru til úrlausnar, og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, verður stefnanda gert að greiða stefndu málskostnað eins og í dómsorði greinir að meðtöldum virðisaukaskatti. Ekki er fallist á það með stefndu að við eigi ákvæði a- og c-liða 1. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991, um að málið sé höfðað að þarflausu eða að stefnandi hafi haft uppi staðhæfingar eða mótbárur sem hann vissi eða mátti vita að væru rangar.

Bogi Hjálmtýsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Sólveig Guðrún Pétursdóttir, persónulega og fyrir hönd dánarbús Kristins Björnssonar, er sýkn af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndu 3.000.000 króna í málskostnað.

Bogi Hjálmtýsson